

Fuglaskoðun Ferðafélags Fjarðarmanna og Náttúrustofu Austurlands 12. maí 2012.

Reyðarfjörður kl 13:30 til 15:00.

Hafgola, hálfskýjað, hiti 14°C. Alls mættu 8 manns auk Halldórs W. Stefánssonar frá Náttúrustofu Austurlands sem fór fyrir hópnum.



Fuglaskoðarar á Reyðarfirði 12. maí 2012 (ljósm. HWS).

Tegundir:

Kría, hettumáfur, grágæs, urtönd, stökkönd, álft, stelkur, heiðlóa, rauðhöfðaönd, jaðrakan, tjaldur, æður, silfurháfur, svartbakur, tildra, straumönd, sendlingur, hávella, fýll, sandlóa, hrafn, bjargdúfa, maríuerla, lóupræll, rita, og þegar formlegri skoðun lauk bættust skógarpröstur og spói við. Samtals 27 tegundir.

Ýmsar tegundir vantaði sem áður hafa verið hefðbundnar sem kann að stafa af hversu seint skoðunin í ár fór fram.



Bjargdúfa með hreiðurefni í nefinu við Reyðarfjarðarhöfn 12.5.2012 (ljósm. SGÞ).



...að byggja sér hreiður innan við akkeri „Green Atlantic“ 12.5.2012 (ljósm. SGÐ).

Norðfjarðarleira 12:30 til 13:30.

Skoðunin var á hefðbundnum stað norðan við ósinn og hófst kl. 12:30. Veður var ágætt til skoðunar en nokkur tíbra spillti fyrir. Sjö manns mættu og þ.a. Skarphéðinn G. Þórisson og Gerður Guðmundsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands.

Grágæs: Nokkrar á bökkum við leiruna/Norðfjarðará.

Rauðhöfði: Tvö pör á bökkum við leiruna/Norðfjarðará.

Æðarfugl: Þrjú pör á Norðfjarðará.

Stelkur: 10-20 á leirunni.

Jaðrakan: Fjórir fuglar á leirunni.

Sendlingur: Um 20 fuglar á flugi yfir leirunni.

Heiðlóa: Nokkrar bíandi yfir hausum okkar.

Sandlóa: Nokkrar á leirunni.

Tildra: Um 10 á leirunni.

Spói: Tveir á rölti í þúfunum norðaustan leirunnar.

Tjaldur: Einn inn með leirunni.

Rita: Nokkrir tugir á leirunni.

Kría: 100-150 fuglar í hóp innarlega á leirunni.

Hettumáfur: Nokkrir á leirunni.

Silfurmáfur: Nokkrir á flugi yfir.

Svarbakur: Tveir sitjandi innarlega á leirunni.

Steindepill: Einn á flugi.

Viðbótarupplýsingar:

Brandönd: 3-4 fuglar sáust við Ingunnarveitu um mánaðarmót apríl-maí (munnl. uppl. Hálfván Haraldsson).

Grafönd: Par á leirunni norðan flugvallar fyrir stuttu (munnl. uppl. Jón Gunnar Jónsson (myndaði fuglana)).



Óðinshani: Einn á sundi á Hofskíl fyrr um daginn (12.5.2012) (ljósm. SGÞ).



Vorleikur í grágæsum á Hofskíl 12.5.2012 (ljósm. SGÞ).



Grágæsir og urtendur (um 14) á Hofskíl 12.5.2012 (ljósm. SGÞ).



Bjartmáfur, einn á öðrum vetri við höfnina 12.5.2012 (ljósm. SGP).



Æðarkolla lá á hreiðri neðan Þjóðveggar við leiruna 12.5.2012 (ljósm. SGP).



Fýll, reitingur í höfninni og sumir fúlir 12.5.2012 (ljósm. SGP).